

Lánshæfismat Creditinfo

Lánshæfismat Creditinfo er mat á líkum þess að einstaklingur standi við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Markmið lánshæfismatsins er að meta líkurnar á vanskilum einstaklinga næstu 12 mánuðina og með því að minnka áhættu lánastofnunar við það að veita lánafyrirgreiðslur. Samkvæmt lögum um neytendalán sem sett voru í mars 2013 ber lánveitanda skylda að meta lánshæfi einstaklinga áður en til lánveitingar kemur. Þannig hvílir sú skylda á lánveitendum að skoða gögn um einstaklinginn sem skuldara og meta getu hans á því að standa í skilum með skuldbindingar sínar.

Flokkar lánshæfismats

Lánshæfismat einstaklinga er metið á kvarðanum A1-E3, þar sem A1 er besta matið en E3 það lakasta. Þó er ekki reiknað lánshæfismat á einstaklinga sem eru með skráningu á vanskilaskrá né heldur einstaklinga sem eru búsettir erlendis.

Það eru margir mismunandi þættir sem hafa áhrif á lánshæfismat einstaklinga en það sem vegur þyngst til lækkunar eru fyrri vanskil einstaklinga og skráningar á vanskilaskrá.

Skráningar á vanskilaskrá Creditinfo hafa áhrif á lánshæfismat einstaklinga í 12 mánuði frá því að skráning á vanskilaskrá er fjarlægð eða fellur niður. Á þessum 12 mánuðum minnka áhrifin með tímanum en falla svo alfarið niður að þessum 12 mánuðum liðnum. Nema ef samþykki er veitt fyrir því að nota viðbótarupplýsingar í lánshæfismati sínu þá getur skráning á vanskilaskrá haft áhrif til lengri tíma.

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan þá eru það fyrrum skráningar á vanskilaskrá, lýðfræðilegar upplýsingar svo sem aldur, búseta og hjúskaparstaða, tengingar við fyrirtæki og upplýsingar um kröfur í innheimtu eða uppflettingar innheimtufyrirtækja sem hafa áhrif á lánshæfismatið. Skráningar á vanskilaskrá hafa þó langmest áhrif til lækkunar á lánshæfismatinu en einnig geta uppflettingar og vaktanir innheimtufyrirtækja haft töluverð áhrif til lækkunar á því. Aftur á móti hafa vaktanir banka og annarra skammtímalánastofnanna **engin** áhrif á lánshæfismat Creditinfo en uppflettingar þeirra geta haft einhver áhrif en þau eru frekar umtalsvert minni en flettingar vegna innheimtu.



Áhrifaþættir lánshæfismats einstaklinga

Ef valið er að deila viðbótagögnum inn í lánshæfismatið þá byrja flettingar og vaktanir banka og skammtímalánastofnanna að hafa vægi á lánshæfismatið þó lítið sé. Einnig hafa þá skuldastaða á skuldastöðuyfirliti og lengri vanskilasaga, eða vanskilaleysi ef því er þannig háttað, líka vægi á lánshæfismatið eins og sjá má á myndinni hér að ofan.

Áhrifaþættir

Lánshæfismat Creditinfo er byggt á þeim gögnum sem félagið hefur aðgang að og er heimilt að nota við gerð lánshæfismats samkvæmt starfsleyfi þeirra. Þó geta þeir nýtt viðbótargögn og greiðslusögu einstaklinga sem nær til allt að sjö ára ef samþykki liggur fyrir. En samkvæmt starfsleyfi persónuverndar má ekki miðla upplýsingum sem mæla gegn lánshæfi ef upplýsingar eru orðnar 4 ára gamlar. Er það þá á ábyrgð fjárhagsupplýsingastofu komið (Creditinfo í þessu tilfalli), að ef einhver vafi leikur á um lögmæti kröfu, að hún sé á einhvern hátt umdeild, að þá beri Creditinfo að hafna skráningu hennar á vanskilaskrá.

Krafa telst umdeild ef ágreiningur er á milli skuldara og kröfuhafa um réttmæti hennar. Þannig að ef það er ágreiningur um kröfuna þá ber Creditinfo að hafna skráningu á henni. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að skuldarar bregðist við tilkynningu sem send er frá Creditinfo um skráningu á vanskilaskrá ef einhver vafi er á réttmæti kröfunnar. Þá þarf skuldari koma andmælum á framfæri til kröfuhafa, umboðsmanns kröfuhafa eða Creditinfo, og þarf að greina frá ástæðu andmællanna. Andmæli eiga þó ekki við um kröfur sem hafa verið staðfestar með opinberri réttargjörð, svo sem áritaðri stefnu, árangurslausu fjárnámi eða gjaldþroti.

Áhrifaþættir í lánshæfismati Creditinfo:

- Vanskilauplýsingar – fyrrum skráningar á vanskilaskrá hafa mikil áhrif til lækkunar á lánshæfismati en áhrifin fara lækkandi frá afskráningu og falla svo alveg niður 12 mánuðum frá afskráningardegi
- Lýðfræðiupplýsingar, s.s. aldur, búseta og hjúskaparstaða
- Vaktanir og uppflettingar **innheimtufyrirtækja**
- Uppflettingar banka geta haft smávægileg áhrif en **ekki** vaktanir þeirra
- Tengsl við félög – Það er almennt séð jákvætt að tengjast félögum þar sem flest félög ganga vel en það getur haft neikvæð áhrif ef félög eru með slakt lánshæfismat
- Upplýsingar um greiðsluáðlögun

Viðbótargögn og greiðslusaga

Á heimasíðu Creditinfo er bent á að hægt sé að miðla með þeim viðbótarupplýsingum. Með því er átt við að miðla megi með þeim upplýsingum sem ná fram yfir starfsleyfi þeirra. Ef þetta leyfi er gefið þá er horft til fleiri þátta og lengra tímabils sem lánshæfismatið er byggt á. Í sumum tilfellum er það heppilegra og getur komið fram í herra lánshæfismati en í öðrum tilfellum gefur það lakara lánshæfismat.

Viðbótarupplýsingar eru til að mynda skuldir sem viðkomandi er með og koma fram á skuldastöðuyfirliti Creditinfo. Staða þeirra skuldbindinga og greiðsluhegðun tengd þeim, nýting yfirdráttarheimilda og uppfletting í kerfum Creditinfo. Húsnæðislán hafa jákvæð áhrif á lánshæfismatið þar sem það gefur vísbendingu um að einstaklingur eigi fasteign og hefur staðist greiðslumat og námslán hafa einnig jákvæð áhrif á lánshæfismat þar sem þau gefa vísbendingu um hátt menntunarstig einstaklings.

Eins og fram hefur komið hér að ofan þá hafa uppflettingar innheimtufyrirtækja töluverð áhrif til lækkunar á lánshæfismati eins og til að mynda Motus og Inkasso. Uppflettingar vegna bankaviðskipta og hjá fyrirtækjum í skammtímalánastarfsemi telja einnig að einhverju leyti, en þau áhrif eru mun minni en uppflettingar og vaktanir innheimtufyrirtækja, nema ef uppflettingar banka séu sérstaklega merktar af innheimtuástæðum, þá telja þær til lækkunar á lánshæfismati að sama skapi og þær frá innheimtufyrirtækjunum.

Ef samþykki er veitt fyrir notkun viðbótarupplýsinga við gerð lánsþæfismats hafa eftirfarandi þættir einnig áhrif á matið:

- Fjöldi og tegundir fyrirtækja sem sækja lánsþæfismat og upplýsingar í vanskilaskrá
- Skuldastaða - söguleg gögn, nýting heimildar og greiðsluhegðun
- Mál sem hafa verið á vanskilaskrá á undanförunum þremur árum
- Vanskilaleysi
- Rekstrarsaga – tengsl við félög sem eru með slæma rekstrarsögu, hafa verið úrskurðuð gjaldþrota eða eru með lélegt lánsþæfismat, geta haft lækkandi áhrif á lánsþæfismat. Áhrifin eru meiri þeim mun sterkari sem tenging einstaklings við félag er. Ef viðkomandi er til að mynda stjórnarmaður, prókúruhafi og hluthafi félags, allt í senn, eru áhrifin meiri á lánsþæfismatið
- Atvinnurekstur á eigin kennitölu

Allt eru þetta söguleg gögn sem auðvelt er að aftengja matinu ef það breytir lánsþæfismatinu til verri vegar.

Persónuvernd og starfsleyfi

Creditinfo hefur ákveðin leyfi og heimildir á vegum persónuverndar sem skilgreindar eru í starfsleyfi þeirra en til þess að geta nýtt frekari upplýsingar við gerð lánsþæfismats þarf viðbótarsamþykki einstaklinga. Það ætti að vera hægt að nýta á jákvæðan hátt þar sem það er auðveldlega hægt að afturkalla samþykkið án þess að það breyti upprunalegu lánsþæfismati einstaklinga og hafi þá ekki nokkur áhrif á það. Miðlun gagna eða viðbótarupplýsinga úr skuldastöðuyfirliti sem áhrifaþáttur í lánsþæfismati Creditinfo er að öllu leyti val einstaklingsins hvort hann vilji hafa það sem áhrifaþátt í matinu. Viðbótargögn við gerð lánsþæfismatsins eru eins og fram hefur komið skuldastaða einstaklinga, lengri vanskilasaga sem getur náð til allt að 7 ára ásamt upplýsingum um fjölda og tegund fyrirtækja sem sækja lánsþæfismat og upplýsingar um stöðu á vanskilaskrá. Fjöldi uppflettinga á vanskilaskrá eða lánsþæfismati er skilgreindur á afmörkuðu tímabili, en skuldastaða er sótt í lánakerfi lánveitenda og sýnir núverandi stöðu lána og skuldbindinga einstaklings sem telja þá til í matið frá þeim degi sem samþykki er gefið fyrir öflun viðbótarupplýsinga. Ef samþykki er afturkallað þá eyðast þær upplýsingar sem sóttar hafa verið í skuldastöðuyfirlitið og safnast hafa upp á tímanum frá því samþykki var veitt.

Þessi gögn sem sótt eru í skuldastöðuyfirlitið eru stór áhrifaþáttur í mati viðbótargagna og veita töluvert til bæði hækkunar á mati og til lækkunar. Litið er svo á að þau séu nústaða allra lána skuldara og ef þau lán sem eru skráð í skuldastöðuyfirliti greiðast eftir eindaga munu þau hafa lækkandi áhrif á lánsþæfismatið. Með þessu er verið að segja okkur að greiðsluhegðun okkar hafi áhrif á lánsþæfismatið þegar að viðbótarupplýsingar eru samþykktar inn í það.

Það er alltaf hægt að afturkalla það samþykki/val að miðla viðbótargögnum. Ef veitt er samþykki fyrir viðbótargögnum og lánsþæfimat lækkar við það þá er hægt að afturkalla samþykkið strax og þá ætti lánsþæfimat að fara tilbaka í fyrra mat á innan við klukkustund. En ef búið er að miðla viðbótargögnum í einhvern tíma, og sá tími verið einungis jákvæður, þá gæti lánsþæfismatið þó breyst í hvora áttina sem er þar sem mögulega er verið að eyða út heilu ári af góðri greiðsluhegðun sem getur þá endað í verra lánsþæfismati en áður en viðbótarupplýsingar voru samþykktar.

Ef viðbótarupplýsingar eru samþykktar þá kemur fram nákvæm skilgreining á þeim þáttum sem hafa áhrif á lánsþæfismatið og hvernig þeir hafa áhrif á matið á sömu síðu og lánsþæfismatið birtist.

Hér að neðan má sjá mynd sem sýnir þá aðila sem miðla gögnum í skuldastöðuyfirlit Creditinfo og þar af leiðandi þeir aðilar sem mat um greiðsluhegðun byggir á fyrir utan uppflettingar innheimtufyrirtækja.

Aðilar að skuldastöðukerfi Creditinfo

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Landsbankinn hf., Gildi - lífeyrissjóður, Söfnunarsjóður lífeyrisséttinda, Lífeyrissjóður bankamanna, Lífeyrissjóður Tannlæknafél Ísl, ÍL-sjóður, Húsnæðissjóður, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Íslandsbanki hf., Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka, Íslandsbanki hf 0520, Gildi - lífeyrissjóður, Lífsverk lífeyrissjóður, Birta lífeyrissjóður, SaltPay IIB hf., Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasj atvinnuflugmanna, Arion banki hf., Lykill Fjármögnun hf., Lykill fjármögnun, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogs, Sparisjóður Austurlands hf., Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses., Sparisjóður Strandamanna ses., Sparisjóður Höfðhverfinga ses., Stapi lífeyrissjóður, Stapi lífeyrissjóður, Kvika banki hf., Framtíðin lánafélag, Aur app, Byggðastofnun, Menntasjóður námsmanna, Almenni lífeyrissjóðurinn

Aðilar að skuldastöðukerfi Creditinfo

Hafa ber í huga að kröfur í heimabanka sem **ekki** hafa verið gjaldfelldar og sendar í innheimtu hafa **engin** áhrif á lánshæfismatið. En um leið og krafan er komin til innheimtuaðila þá byrjar innheimtufélag að vakta skuldara og vöktun innheimtuaðila hefur lækkandi áhrif á lánshæfismatið, þó krafan hafi ekki verið skráð á vanskilaskrá.

Miðlun viðbótarupplýsinga og vanskilaleysis


Það að miðla viðbótarupplýsingum getur einnig verið leið til að miðla því til lánveitanda að kröfur hafi ekki verið í innheimtu eða á vanskilaskrá en það getur verið til marks um heilbrigð fjármál og getur því vel haft jákvæð áhrif lánshæfismat. Þetta getur verið leið fyrir þá sem hafa ekki verið með neinar kröfur í innheimtu í einhvern tíma til þess að miðla vanskilaleysi og góðri greiðsluhegðun og hækkað lánshæfismatið með því.

Það sem er þó nokkur vöntun á er þekking og skilningur einstaklinga á þessum valkosti að deila viðbótarupplýsingum inn í lánshæfismatið. Þegar farið er inn á mínar síður hjá Creditinfo (mitt.creditinfo.is) til þess að skoða lánshæfismat þá kemur strax sá valkostur að samþykka að notaðar séu slíkar upplýsingar. Til þess að komist áfram í lánshæfismatið er erfitt að sjá hvernig hægt er að fara áfram án þess að samþykka að nýta þessar viðbótarupplýsingar. **Þar af leiðandi eru margir sem samþykkja þær án þess að gera sér grein fyrir því hvað þeir eru að gera þrátt fyrir að það sé á nokkuð skýran hátt útskýrt á upphafssíðu lánshæfismats þegar verið að reyna að finna til lánshæfismatið.** Því eru margir sem hreinlega átta sig ekki á því hvað þetta gerir eða að hægt sé að afturkalla þessar upplýsingar. Sitja þá margir mögulega uppi með lakara lánshæfismat en þeir þurfa að vera með af því að þeim hefur ekki verið gert það fullilega ljóst að það séu þarna upplýsingar sem breyti lánshæfismatinu og það þeir geti auðveldlega breytt því aftur.

Hækkun lánshæfismats

Lánshæfismat byrjar að reiknast um leið og einstaklingur verður 18 ára gamall. Allir einstaklingar byrja í flokknum C1. Sjá má á myndinni hér til hliðar, að súlan C1 sker sig úr. Það er vegna þess að þar byrja öll ungmennin. Þar sem fjármálastofnanir hafa undanfarin árin verið að þrengja kröfur sem settar hafa verið til nýrrar lántöku skammtímalána eins og yfirdráttarheimilda þá tekur það nokkur ár fyrir ungmennin að vinna sig upp í lánshæft mat sem er almennt á bilinu B1-B3. Falla því krakkar á bilinu 18-21 árs undir það viðmið sem sett hafa verið og er þeim því að vissu leyti, því miður ýtt frá og yfir á staði sem gera minni kröfur til lánveitinga, til að mynda smálánafyrirtækja. Fjármálastofnanir geta þó tekið tillit til viðskiptasögu. Þannig að ef ungmenni hafa verið með tekjur í einhvern tíma er möguleiki á því að snúa sig út úr þessum stafrænu ferlum og tala beint við ráðgjafa í útibúi til þess að komast fram yfir stafrænu neitunina sem þau fá og ná fram mögulegum sveigjanleika síns viðskiptabanka.

Dreifing einstaklinga eftir lánshæfisflokkum



Dreifing einstaklinga eftir lánshæfisflokkum

Hér á eftir eru nokkur atriði sem Creditinfo

bendir á að hægt sé að nýta sér til þess að hafa áhrif lánshæfismat sitt til hækkunar á því.

1. Forðast vanskil: Borga reikningana á réttum tíma og forðast þar af leiðandi vanskil. En það er það mikilvægasta sem hægt er að gera til þess að komast hjá uppflettingum innheimtufyrirtækja. Þó ber að hafa í huga að sumar kröfur telja meira en aðrar ef viðbótarupplýsingum er deilt. Þá telja vanskil á skuldastöðuyfirliti til einnig til lækkunar á lánsþæfismati.
2. Lendir þú í greiðsluferfiðleikum: Hafa tafarlaust samband við lánveitendur til að forðast skráningu á vanskilaskrá og komast hjá vöktunum innheimtufyrirtækja.
3. Ef krafa er komin í innheimtu: Hafa samband við innheimtuaðilann til að semja um greiðslu skuldarinnar. Ef samið er um greiðslu þá stöðvast innheimta og áhrifa gættir þá ekki lengur í lánsþæfismati. Innheimta hefst þó að nýju ef ekki er staðið við greiðslufyrirkomulag og fer þá aftur að hafa áhrif á lánsþæfismat.
4. Ef krafa er inni á vanskilaskrá: Ef samið er um greiðslu á henni þá ætti krafan að vera tekin af vanskilaskrá og lánsþæfismat reiknað aftur. En krafan mun þó hafa áhrif á lánsþæfismat í 12 mánuði frá afskráningu hennar af vanskilaskrá.
5. Yfirfara tengsl við fyrirtæki: Ef það eru skráð tengsl við félög, til að mynda að einstaklingur sitji í stjórn fyrirtækis og skráður prókúruhafi og eiganda félags, sem hafa neikvæð verið með lélega rekstrarsögu, lágt lánsþæfismat eða gjaldþrot eða slíkt, þá draga þær tengingar lánsþæfismatið niður. En að sama skapi getur það verið til hagsbóta að tengjast félögum ef rekstrarsaga þeirra er góð.
6. Sambúð: Það að einstaklingur er skráður í sambúð eða giftur hefur jákvæð áhrif á lánsþæfismatið en ef einstaklingur er ekki skráður í sambúð. Það er talið meira fjárhagslegt öryggi að vera með tvennar tekjur. Þessi þáttur vegur þó oft ekki ýkja mikið í lánsþæfismati.
7. Deila viðbótarupplýsingum og upplýsingum um vanskilaleysi: ef möguleiki er á að það hækki lánsþæfismatið.

Það þarf þó að hafa í huga við lið númer þrjú hér að ofan í ráðleggingum Creditinfo um að semja um greiðslu á skuld ef hún er komin í innheimtu, að ef skuldari af einhverjum ástæðum getur ekki greitt skuldina eða ef hún er á einhvern hátt umdeild ætti alls ekki að reyna að semja um skuldbindinguna. Það að semja um skuldbindinguna er túlkað sem viðurkenning á skuldinni og slík viðurkenning slítur fyrningu hennar og lengir líftíma hennar í innheimtu. En á móti mun hún hafa neikvæð áhrif á lánsþæfismatið þar til hún er fyrnd eða búíð að leysa úr því að hún sé umdeild.

Ákvörðun um lánveitingu liggur alltaf hjá lánveitanda og viðmið hvers lánveitanda á lánsþæfismati Creditinfo við mat á útlánum getur verið mismunandi hvar á kvarðanum þeir meta lánsþæfi einstaklings. Þar getur skipt máli hvers eðlis lánið er, til að mynda eru ekki sömu mörk fyrir íbúðalán og yfirdráttarheimild. Einnig þarf að hafa í huga að það er ekki endilega bara lánsþæfismat Creditinfo sem stuðst er við, við mat á lánveitingu, heldur getur lánveitandi einnig stuðst við fyrirliggjandi viðskiptasögu við fjármálastofnunina.

Bent er á að ef eitthvað er óljóst eða þarfnast frekari útskýringa á lánsþæfismati má nálgast nánari upplýsingar á mitt.creditinfo.is en þar eru mjög góðar og nákvæmar útskýringar á þeim þáttum sem eru að hafa áhrif á lánsþæfismat einstaklinga, sér í lagi ef búíð er að deila viðbótarupplýsingum þá eru taldir upp þeir þættir sem hafa áhrifa á lánsþæfismatið og hvernig þeir hafa áhrif. Ef það svarar ekki spurningum má alltaf hafa samband við ráðgjafa hjá Creditinfo í tölvupósti á creditinfo@creditinfo.is eða síma 550-9600. Einnig má hafa samband við ráðgjafa okkar hjá Hagsmunasamtökum heimilanna í síma 546-1501 eða í gegnum tölvupóst á heimilin@heimilin.is.

Heimildir:

Auður Rafnsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Creditinfo, tölvupóstsamskipti, September 2022

Gunnar Gunnarsson, forstöðumaður fyrir greininginu og ráðgjöf hjá Creditinfo, viðtal, September 2022

Alþingi; Lög um neytendalán; 2013 - <https://www.althingi.is/altext/stjt/2013.033.html>

Aurbjörg; Allt sem þú þarft að vita um lánsþæfismat; 2018 - <https://aurbjorg.is/blog/lanshaefismat>

Creditinfo; Hvað er lánsþæfismat og hvernig er það notað; 2020 - <https://blogg.creditinfo.is/hvad-er-lanshaefismat/>

Creditinfo; Hvernig bæti ég lánsþæfismatið mitt; 2020 - <https://blogg.creditinfo.is/hvernig-baeti-eg-lanshaefismatid-mitt/>

Creditinfo; Mitt Creditinfo; 2022 - <https://mitt.creditinfo.is/my/credit/rating>

Creditinfo; Nýtt starfsleyfi Creditinfo til vinnslu fjárhagsupplýsinga tekur gildi 10.maí 2021; 2021 - <https://creditinfo.is/um-creditinfo/frett.aspx?NewsID=94>

Creditinfo; Um miðlun fjárhagsupplýsinga; 2021 - <https://blogg.creditinfo.is/um-midlun-fjarhagsupplysinga/>

Creditinfo; Uppfært lánsþæfismat einstaklinga; 2020 - <https://blogg.creditinfo.is/uppfaert-lanshaefismat-einstaklinga/>

Neytendatorg.is-Hagsmunasamtök Heimilanna; Skráning umdeilda skulda á vanskilaskrá er óheimil; 2021 - https://neytendatorg.is/index.php/frettir/frettir-af-samtokunum/item/71-skraning-umdeilda-skulda-a-vanskilaskra-er-oheimil?fbclid=IwAR02eGL4ebeP0fFIEp2yqNyBxisEgoDKXA65fC_WOFXGUukEiL_I-TUAU

Persónuvernd; Staðlaðir skilmálar í starfsleyfum fjárhagsupplýsingastofa; 2021 - <https://www.personuvernd.is/adrar-urlausnir/leyfisveitingar/starfsleyfi>

Persónuvernd; Fréttir - Staðlaðir skilmálar í starfsleyfum fjárhagsupplýsingastofa; 2021 - <https://www.personuvernd.is/personuvernd/frettir/stadladir-skilmalar-i-starfsleyfum-til-fjarhagsupplysingastofa>

Persónuvernd; Vinnsla upplýsingar hjá Lögheimtunni og skráning Creditinfo Lánstrausts á upplýsingum um umdeilda skuld á vanskilaskrá talin óheimil; 2021 - <https://www.personuvernd.is/urlausnir/vinnsla-upplysinga-hja-logheimtunni-og-skraning-creditinfo-lanstrausts-a-upplysingum-um-umdeilda-skuld-a-vanskilaskra-talin#>

Rúv; Lánsþæfismatið lækkaði eftir fríaskrift; 2019 - <https://www.ruv.is/frett/lanshaefismatid-laekkadi-ef-tir-friaskrift>